

1. Almennt:

Arnarlax hf. kt. 580310 - 0600, Strandgata 1, 465 Bíldudalur, hafa verið með 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1081) fyrir seiðaeldi á laxi og bleikju í landeldisstöð sinni að Gileyri í Tálknafirði. Fyrirtækið sótti um endurnýjun án breytinga á rekstrarleyfi þann 28. september 2020.

Fiskeldisstöðin er staðsett að Gileyri í Tálknafirði með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru með ristar og einnig er tvöfalt sigti í affalli.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arnarlax hf. að Gileyri, Tálknafirði skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 4. júní til 7. júlí 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arnarlax hf. á Gileyri. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 200 tonn til seiðaeldis á laxi og bleikju að Gileyri í Tálknafirði.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 200 tonna rekstrarleyfi Arnarlax (FE-1081) vegna seiðaeldis á laxi og bleikju úr gildi. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 2. desember 2023. Rekstrarleyfið gildir til 18. ágúst 2037.

Selfossi, 18. ágúst 2021